



**Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum**

# *Samantekt um árið 2006*


## *Starfsáætlun 2007*





## Efnisyfirlit

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða .....	3
Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	3
Fulltrúar í fulltrúaráði Háskóla­seturs Vestfjarða.....	3
Starfsfólk.....	4
<b>Samantekt um árið 2006 .....</b>	<b>5</b>
Húsnæði og búnaður.....	5
Sí- og endurmenntun .....	5
Námskeið .....	5
Annað nám .....	10
Vika símenntunar .....	11
Ráðstefnur og fundir .....	11
Sérverkefni .....	12
Samstarf .....	12
Kvasir.....	12
Leikn.....	12
FS-netið og Menntabré .....	13
Dreifmenntarverkefnið.....	13
Annað samstarf.....	13
<b>Starfsáætlun 2007 .....</b>	<b>14</b>
<b>Viðaukar .....</b>	<b>16</b>
Viðauki I .....	16
Viðauki II .....	17
Viðauki III.....	19



## Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipað einum aðila frá hverjum stofnenda miðstöðvarinnar og einum til vara. Eftirtalin skipa fulltrúaráðið.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Alþýðusamband Vestfjarða	<i>Lilja Rafney Magnúsdóttir</i>	<i>Helgi Ólafsson</i>
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	<i>Aðalsteinn Óskarsson</i>	<i>Jóna Valgerður Kristjánsdóttir</i>
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	<i>Anna Kristín Svansdóttir</i>	<i>Gylfi Guðmundsson</i>
Fjórðungssamband Vestfjarða	<i>Guðni Geir Jóhannesson</i>	<i>Birna Lárusdóttir</i>
Menntaskólinn á Ísafirði	<i>Ingibjörg S. Guðmundsdóttir</i>	<i>Jón Reynir Sigurvinsson</i>
Náttúrustofa Vestfjarða	<i>Porleifur Eiríksson</i>	<i>Böðvar Þórisson</i>
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum	<i>Laufey Jónsdóttir</i>	<i>Sigfríður Hallgrímsdóttir</i>
Útvegsmannafélag Vestfjarða	<i>Einar Valur Kristjánsson</i>	<i>Kristján G. Jóakimsson</i>
Vinnuveitendafélag Vestfjarða	<i>Einar Jónatansson</i>	<i>Kristján G. Jóhannsson</i>

Formaður fulltrúaráðsins er *Helgi Ólafsson* og varaformaður *Lilja Rafney Magnúsdóttir*.

Aðalfundur fulltrúaráðsins fyrir árið 2006 var haldinn 22. maí 2006.

## Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var kjörin árið 2006 til tveggja ára. Hana skipa:


**Aðalsteinn Óskarsson**, formaður. Varamaður hans **Guðni Geir Jóhannesson**.  
**Helgi Ólafsson**. Varamaður hans **Lilja Rafney Magnúsdóttir**.  
**Ingibjörg S. Guðmundsdóttir**. Varamaður hennar **Jón Reynir Sigurvinsson**.  
**Kristján G. Jóhannsson**. Varamaður hans **Einar Valur Kristjánsson**.  
**Laufey Jónsdóttir**. Varamaður hennar **Anna Kristín Svansdóttir**.

Stjórnin hélt 7 bókaða fundi á árinu 2006.

## Fulltrúar í fulltrúaráði Háskólaseturs Vestfjarða

Aðalfulltrúi: *Lilja Rafney Magnúsdóttir*.

Varafultrúi: *Birna Lárusdóttir*.



## Starfsfólk

### Fastir starfsmenn

- **Smári Haraldsson** forstöðumaður í 100% starfi.
- **Þuríður Sigurðardóttir** var í 50% starfi fyrri hluta ársins en fór í 75% starf síðari hluta ársins. Þuríður sér um bókhald, útgáfu reikninga, og sinnir jafnframt skráningu og rekstri námskeiða.

### Tengiliðir

- **Anna Jensdóttir**, tengiliður í Vesturbyggð og Tálknafirði.
- **Kristín Sigurrós Einarsdóttir**, tengiliður á Ströndum

### Ráðin í einstök verkefni

- **Anna Guðrún Edvarðsdóttir** var fengin til að vinna að verkefninu *Áttahagafræði á Ströndum, fagnámskeiðum og endurmenntun kennara og skólustjóra*.
- **Sigurborg Þorkelsdóttir** var fengin til að sjá um íslenskukennsluna haustið 2006.


### Símenntun sveitarfélaga og Markviss ráðgjöf

- **Helga Jónasdóttir** var fengin til að vinna að símenntun sveitarfélaga og Markviss greiningu. Hún hefur verið í Markvissþjálfun veturinn 2006-2007.

### Samstarf við Háskólasetur og Próunarsetur

- Ræsting. Starfshlutfall 19,80%.
- Símsvörun og sameiginlegur rekstur. Starfshlutfall 7,63%.

Auk ofangreindra komu fjölmargir að kennslu fyrir miðstöðina.



## Samantekt um árið 2006

### Húsnæði og búnaður


Fræðslumiðstöð Vestfjarða flutti að Suðurgötu 12 á Ísafirði um áramótin 2005/2006. Samkvæmt leigusamningi við Háskólasetur Vestfjarða leigði miðstöðin húsnæði sem var samtals 128,5 m<sup>2</sup> að innanmáli. Það skiptist þannig: Tölvuver (43 m<sup>2</sup>), tvær skrifstofur ásamt forstofu (16 m<sup>2</sup>, 14 m<sup>2</sup> og 5 m<sup>2</sup>), helmingsafnot af skrifstofu- og geymsluherbergi (20 m<sup>2</sup>), helmingsafnot af eldtraustri geymslu (6 m<sup>2</sup>) auk hlutdeildar í öllu sameiginlegu rými, sem reiknast 37,5 m<sup>2</sup>. Þann 1. september tók Fræðslumiðstöðin allt skrifstofu og geymsluherbergið á leigu.

Á árinu 2006 voru engar fjárfestingar hjá Fræðslumiðstöðinni.

### Sí- og endurmenntun

#### Námskeið

Á árinu 2006 hélt Fræðslumiðstöðin 67 námskeið (58 árið 2005) í 88 hópum (58) (1. mynd).



1. mynd. Fjöldi námskeiða og hópa hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000-2006.

Námskeiðshópar skiptust þannig að undir flokkinn *atvinnulíf* féllu 8 hópar, undir *endurmenntun* 29, undir *tungumál* 26, *tómstundir* 13 og undir *tölvur* 9. Þrír hópar féllu undir annað.

Með námskeiðum er talið nám í svæðisleiðsögn, sem hófst haustið 2004 og lauk vorið 2006. Luku 17 nemendur náminu sem spannaði bæði Vestfirði og Vesturland.




Svæðisleiðsögunámið var rekið í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og var hluti nemendahópsins af Vesturlandi.

Nánari sundurliðun námskeiða er í viðauka II.



Námskeiðið *Vélgæsla* var haldið í samvinnu við Guðmund Einarsson. Sá hann um alla kennslu en Fræðslumiðstöðin annaðist auglýsingar, skráningu og útgáfu viðurkenninga.

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum árið 2006 var 943 (795) (2. mynd).




2. Mynd. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2006.

Árið 2006 voru námskeiðin samtals 22.145 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldað með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 18.147 árið 2005 (3. mynd).




3. mynd. Fjöldi nemendastunda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2006.

Á milli ára hefur verið mestur breytileiki í íslensku fyrir útlendinga. Starfsmenntasjóðurinn Landsmennt, sem staðið hefur að mestu undir kostnaði af kennslunni, var fjárvana á vormisseri 2004 og féllu því öll íslenskunámskeið niður á þeirri önn. Veturinn 2004-2005 var lítil íslenskukennsla, en á haustönn 2005 náðist loks að blása nokkru lífi í íslenskukennsluna aftur og árið 2006 varð hún nálægt því sem mest hefur verið áður. Á 4. mynd er yfirlit yfir íslenskukennsluna árin 2000 – 2006.




4. mynd. Fjöldi nemendastunda í íslensku fyrir útlendinga árin 2000 – 2006.

Tekjur af sí- og endurmenntun og óhefðbundnu námi voru um 14,4 mkr. (10,6) en gjöld um 11.5 mkr. (8,8). Tekjur umfram gjöld voru því tæpar 3 mkr. samanborið við 1,8 mkr. árið 2005 (5. mynd).



5. mynd. Tekjur og gjöld af sí- og endurmenntun hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2006.


Flestir þátttakendur voru sem áður á aldrinum 25-54 ára (6. mynd).



6. mynd. Aldursdreifing þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2006.




Konur voru 689 (73%) og karlar 254 (27%). Konur hafa alltaf verið fleiri en karlar og hefur hlutfall karla farið lækkandi undanfarin ár (7. mynd).





7. mynd. Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2001- 2006.

Þátttakendur á námskeiðum voru alls staðar af Vestfjörðum. Langflestir voru frá Ísafirði og Hnífsdal (póstnúmer 400 og 410), en sem hlutfall af íbúafjölda var skipting heldur jafnari (8. og 9. myndir).



8. mynd. Skipting þátttakenda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2006 eftir búsetu.




9. mynd. Hlutfallsleg skipting þátttakenda miðað við íbúafjölda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2006.

### Annað nám

Fræðslumiðstöð Vestfjarða annaðist þjónustu við nemendur á Ísafirði í námi fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum, sem fjarkennt var frá Verkmenntaskóla Austurlands. Nám hófst haustið 2005 og líkur því á árinu 2007 og 2008. Nám þetta er á framhaldsskólastigi.

Á Ísafirði voru 12 – 16 nemendur í þessu námi og 7 – 8 á Tálknafirði.



## **Vika símenntunar**

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár helgað símenntun eina vika á ári. Hefur ráðuneytið falið *Mennt – samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla*, að sjá um framkvæmd og skipulagningu vikunnar í landinu. Mennt hefur fengið fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni til að annast vikuna hver á sínu svæði.

Á Vestfjörðum var vika símenntunar haldin 24. – 29. september. Þrátt fyrir að hverri miðstöð væri í sjálfsvald sett hvenær vikan væri haldin var hún á flestum stöðum haldin á þessum tíma.

Vikan var styrkt af menntamálaráðuneytinu og Starfsmenntaráði.

Á landsvísu var efnt til kynningarherferðar í fjölmiðlum um mikilvægi símenntunar, auk þess sem kynningar voru á vefsíðu Viku símenntunar ([www.mennt.net/simenntun/](http://www.mennt.net/simenntun/)), veggspjöldum o.fl.

Á Vestfjörðum sá Fræðslumiðstöð Vestfjarða um framkvæmd vikunnar í samvinnu við Héraðsbókasafnið, Vinnumálastofnun Vestfjarða, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur og Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Fóru aðilar frá þessum stofnunum um svæðið og kynntu starfsemi sína, möguleika fólks til sí- og endurmenntunar og þá sjóði sem veita styrki til náms. Bæði var um að ræða heimsóknir á vinnustaði og stutt kvöldnámskeið þar sem fléttað var saman fróðleik og skemmtan. Mánudaginn 25. og þriðjudaginn 26. september var Kristín Njálisdóttir forstöðumaður endurmenntunarsjóðanna Landmenntar og Ríkismenntar í för með heimafólki á vinnustaðina.

Dagskrá vikunnar er í viðauka III.


## **Ráðstefnur og fundir**

Forstöðumaður sat tvær alþjóðlegar ráðstefnur á árinu 2006. Var önnur þeirra haldin á Selfossi 24. – 25. ágúst. Var yfirskrift ráðstefnunnar *Færni til framtíðar*.

Seinni ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi 30. nóvember og 1. desember og var um *Lýðræði og menntun*. Voru báðar ráðstefnurnar haldnar af Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) sem starfar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, en auk þess kom hið norræna samstarf fullorðinsfræðsluaðila að síðari ráðstefnunni.

Síðari ráðstefnuna sat forstöðumaður sem fulltrúi Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi.

Þá sat forstöðumaður fund samstarfs samtaka norrænu fullorðinsfræðsluaðila, sem haldin var á Íslandi í lok ágúst. Stýrði forstöðumaður fundinum og sá um móttöku gesta sem formaður Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi.



## Sérverkefni

Fræðslumiðstöðin fékk styrki frá Starfsmenntaráði til tveggja verkefna. Var annað þeirra um *átthagafraði á Ströndum* og hitt um *nýjungar í ferðabjónustu*. Er báðum verkefnum að verða lokið í upphafi árs 2007.

Framhald var á átaksverkefninu *Fræðsluhönnun í heimabyggð*, sem sett var á fót til að efla námsefnisgerð og fræðsluhönnun í heimabyggð.

## Samstarf

Fræðslumiðstöðin á í margvíslegu samstarfi, jafnt innan héraðs sem utan. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar.

## Kvasir

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Eru miðstöðvarnar 9. Hlutverk Kvasis verður sífellt þýðingarmeira fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni.

Kvasir heldur tvo fasta fundi á ári, vörfund og haustfund, sem jafnframt er aðalfundur. Var haustfundur 2006 haldinn á Ísafirði. Þá var sú nýbreytni tekin upp á árinu að haldin var árshátíð Kvasis í september 2006. Á hana gátu allir starfsmenn miðstöðvanna komið.

Helstu verkefni sem unnið var að innan Kvasis á árinu 2006 voru samskipti við menntamálaráðuneytið og fjárveitingavaldið, samskipti við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, rekstur Markviss greiningarkerfisins og að afla fjármagns og vinna að því að hafin verði fjarkennsla í náms- og starfsráðgjöf.


Kvasir er aukaaðili að Förbundet Nordisk Vuxenuþplýsning (FNV).

## Leikn

Þann 25. apríl 2005 voru stofnuð samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Hlutu samtökin nafnið Leikn. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Aðilar að samtökunum eru nú 16.

Meginhlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar jafnt innan lands sem utan. Leikn tók við sæti Kvasis í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og hefur tekið upp samstarf með öðrum norrænum heildarsamtökum innan fullorðinsfræðslu. Þá gerðist Leikn aðili að heimssamtökum fullorðinsfræðsluaðila (ICAE) á árinu.

Í hverju Norðurlandanna eru regnhlífarsamtök fullorðinsfræðsluaðila og starfar Leikn náið með þeim. Þau annast samskipti við ICAE fyrir hönd Leiknar.



## FS-netið og Menntabré

Fræðslumiðstöð Vestfjarða átti aðild að FS-netinu sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Frá og með áramótum 2005/2006 gerði menntamálaráðuneytið Háskólasetur Vestfjarða aðila að FS-netinu í stað Fræðslumiðstöðvarinnar.

Fræðslumiðstöðin er eignaraðili að Menntabrénni, ásamt öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á hver þessara þriggja aðila 1/3 af brúnni. Fræðslumiðstöð Vestfjarða á 1/9 af hluta fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna, eða 1/27 af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Hefur brúin reynst mjög vel og er bæði örugg og ódýr í rekstri.

## Dreifmenntarverkefnið

Dreifmenntarverkefni grunnskólanna í Vesturbyggð og á Tálknafirði ásamt menntamálaráðuneytinu lauk á árinu. Fræðslumiðstöðin tengdist verkefninu á þann hátt að nettengingar skólanna voru í gegnum Fræðslumiðstöðina, þannig að skólarnir voru skilgreindir sem útstöðvar frá miðstöðinni. Í staðinn fékk miðstöðin aðstöðu í skólunum fyrir fullorðinsfræðslu.


## Annað samstarf

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á í margvíslegu samstarfi við Þróunarsetur Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða.

Þá á miðstöðin í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, grunnskóla á Vestfjörðum og stéttarfélag, auk margra fyrirtækja og stofnana í fjórðungnum.

Af aðilum utan fjórðungsins voru helstu samstarfsaðilar: Framvegis – miðstöð símenntunar í Reykjavík, Menntafélagið ehf., Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímir – símenntun, Fjölmenn, Starfsmenntaráð, Fræðslusetrið Starfsmenn, starfsmenntasjóðirnir Landsmenn, Ríkismenn og Sjómenn, Endurmenntun HÍ og Símenntunarstofnun KHÍ.

Fræðslumiðstöðin er aðili að Mennt – samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla. Þá er Fræðslumiðstöðin aðili að verkefninu *Vestfirðir á miðöldum*.




## Starfsáætlun 2007

Á 63. fundi stjórnar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, þriðjudaginn 20. mars 2007, var samþykkt að leggja fram eftirfarandi fjárhags- og rekstraráætlun fyrir árið 2007:

Rekstrartekjur	Skýr.	Áætlun	Reikn.2006
Sí og endurmenntun	1	26.550.000	14.444.623
Rekstrarframlög og styrkir	2	19.700.000	13.746.554
Markviss		750.000	0
Aðrar tekjur	3	745.000	1.042.895
Fjármagnstekjur			48.352
<b>Samtals rekstrartekjur</b>		<b>47.745.000</b>	<b>29.282.424</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	4	17.330.000	9.471.931
Kostnaður vegna sí- og endurmenntunar		21.048.000	11.451.234
Markviss		800.000	0
Húsnæðiskostnaður	5	2.100.000	1.954.904
Ritföng, pappír o.fl.		150.000	137.009
Kynningarefni og auglýsingar		1.200.000	1.370.686
Ferða- og viðskiptakostnaður		300.000	272.794
Gerð námsefnis		1.500.000	0
Rekstrarleiga tölvubúnaðar og ljósritunarvéla		185.000	183.835
Yfirstjórn og annar kostnaður	6	2.135.000	2.530.201
Afskrifaðar tapaðar kröfur			422.400
Fjármagnsgjöld		0	306.728
<b>Samtals rekstrargjöld</b>		<b>46.748.000</b>	<b>28.101.722</b>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		<b>997.000</b>	<b>1.180.702</b>

## Skýringar

	Áætlun	Reikn.2006
<b>1. Tekjur af sí- og endurmenntun</b>		
Tekjur af hefbundnum námskeiðum öðrum en íslensku	9.000.000	
Frá mmr - íslenska fyrir útlendinga	10.000.000	
Þegar kenndar námskrár	1.550.000	
Aðrar námskrár	6.000.000	
	<b>26.550.000</b>	<b>14.444.623</b>
<b>2. Rekstrarframlög og styrkir</b>		
Framlag á fjárlögum	10.900.000	13.100.000
Náms- og starfsráðgjöf	6.800.000	
Önnur framlög og styrkir (m.a. Frá Starfsmenntaráði)	2.000.000	
	<b>19.700.000</b>	<b>13.746.554</b>



### 3. Aðrar tekjur

Auglýsingar Námsvísi	375.000	386.000
Útleiga á stofum og búnaði	300.000	257.007
Aðrar tekjur	70.000	399.888
	<b>745.000</b>	<b>1.042.895</b>

### 4. Laun og launatengd gjöld


Smári Haraldsson	100,00%
Þuríður Sigurðardóttir	75,00%
Sigurborg Þorkeldsdóttir	50,00%
Náms- og starfsráðgjafi (Björn Hafberg)	Verktakasamningur
Anna Guðrún Edvardsdóttir	Verktakasamningur
Anna Jensdóttir	Tengiliður í Vesturbyggð
Kristín Sigurrós Einarsdóttir	Tengiliður á Ströndum
Helga Jónasdóttir	Markviss
Ritari	7,63%
Ræsting	19,80%
Stjórnarfolk	

### 5. Húsnæðiskostnaður

Húsaleiga	1.551.737
Rafmagn og hiti	145.860
Viðhald og endurbætur húsnæðis	159.186
Þrifa og hreinlætisvörur	17.018
Annað	81.103
	<b>1.954.904</b>

### 6. Yfirstjórn og annar kostnaður

Fagtímarit, blöð og bækur	50.000	1.490
Félagsgjöld	155.000	155.000
Sími og internet	250.000	214.680
Flutningur og burðargjöld	200.000	181.541
Fundur, námskeið og ráðstefnur	250.000	440.966
Kaffi og matarkostnaður	50.000	36.721
Þjónustugjöld og bankakostnaður	250.000	232.953
Viðhald og rekstur áhalda og tækja	500.000	546.654
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	150.000	119.495
Tryggingar	30.000	(7.343)
Annar kostnaður	250.000	608.044
	<b>2.135.000</b>	<b>2.530.201</b>




## Viðaukar

### Viðauki I

Eignaskrá 31.12.2006.

Stólar og borð í sal Þróunarseturs Vestfjarða  
Bókahillur á skrifstofu  
4 skrifborð  
5 skrifborðsstólar  
3 borð undir tölvur í tölvustofu  
1 borð á hjólum í tölvustofu  
4 borð í kennslustofu  
20 nemendastólar  
Þvottavagn og tilheyrandi  
Tússtafla  
2 sýningartjöld  
12 nemendatölvur  
2 fartölvur  
3 PC tölvur  
5 prentarar  
Faxtæki  
2 skjávarpar  
3 símtæki  
Fjarfundarbúnaður, (Polycom ViewStation FX)  
Fjarfundabúnaður (Polycom PVX)  
Rafrænan töfluafritari  
Náma - skráningarforrit  
Windows stýrikerfi á allar tölvur  
Office hugbúnaðarpakki á allar tölvur  
Mind Manager á 15 tölvur  
Vírusvarnir á allar tölvur  
Ýmis annar hugbúnaður  
Heimasíða  
<sup>1</sup>/<sub>27</sub> í Menntabrunni  
DK Bókhaldskerfi  
Myndbandstæki  
DVD spilari  
Útvarp/kassettutæki/spilari  
Digital myndavél m/ korti






## Viðauki II


Yfirlit yfir námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2006.

Námskeið	Fjöldi kennslu- stunda	Staður	Fjöldi þátttak.			Nem- enda- stundir
			Kon- ur	Karl- ar	Alls	
<b>Atvinnulífið (8)</b>						
30 rúmlesta skipstjórnarnám	144	Hólmavík		7	7	1008
30 tonna skipstjórnarnám	144	Ísafjörður	1	4	5	720
Baader fiskvinnsluvélar	8	Ísafjörður	0	8	8	64
Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn	8	Ísafjörður	9	15	24	192
Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn	8	Ísafjörður	9	14	23	184
Vélgæsla	65	Ísafjörður		4	4	260
Þjónustunámskeið (gestamóttaka/þjónusta í	5	Ísafjörður	12	3	15	75
Þjónustunámskeið (gestamóttaka/þjónusta í	5	Flókalundur	17	2	19	95
<b>Endurmenntun (29)</b>						
Að koma fram af sjálfsöryggi	6	Patreksfjörður	7	2	9	54
Agamál og samskipti við foreldra	8	Ísafjörður	40	9	49	392
Agamál og samskipti við foreldra	8	Ísafjörður	9	3	12	96
Akademísk vinnubrögð	13	Ísafjörður	11	7	18	234
HSÍ - Að koma fram af sjálfsöryggi	6	Ísafjörður	9	2	11	66
HSÍ - Félagleg umönnun og samskipti	18	Þingeyri	13		13	234
HSÍ - Færimóppur	18	Ísafjörður	8		8	144
HSÍ - Kvennavinnustaðir	6	Þingeyri	13		13	78
HSÍ - Líkamsbeiting og vinnustellingar	6	Þingeyri	12		12	72
HSÍ - Missir og tjáskipti við þá sem misst	6	Ísafjörður	12		12	72
HSÍ - Missir og tjáskipti við þá sem misst	6	Þingeyri	12		12	72
HSÍ - Réttindi og skyldur starfsfólks	6	Þingeyri	13		13	78
HSÍ - Ræsting og ræstítækni	6	Ísafjörður	8	1	9	54
HSÍ - Skyndihjálp	15	Ísafjörður	11		11	165
HSÍ - Skyndihjálp	16	Þingeyri	13		13	208
HSÍ - Sorg og sorgarviðbrögð	6	Ísafjörður	10		10	60
HSÍ - Sorg og sorgarviðbrögð	6	Þingeyri	12		12	72
HSÍ - Sorg og sorgarviðbrögð	20	Ísafjörður	10		10	200
HSÍ - Stjórnun álags og streitu	6	Ísafjörður	9	1	10	60
HSÍ - Vinnupersónuleikar	6	Ísafjörður	9		9	54
HSÍ- Tölvunámskeið	12	Ísafjörður	8		8	96
Hugræn atferlismeðferð	20	Ísafjörður	6		6	120
Hugræn atferlismeðferð	20	Hólmavík	15		15	300
Íþróttakennsla – nýir straumar	8	Ísafjörður	4	7	11	88
Sjálfmatsaðferðir í kennslu	8	Hólmavík	6	4	10	80
Stærðfræði - Geislabækurnar	16	Patreksfjörður	16	3	19	304
Stærðfræði til undirbúnings háskólanáms	45	Ísafjörður	7	3	10	450
Táknmál geðsjúkdómanna	20	Ísafjörður	5		5	100
Verndarar barna	6	Ísafjörður	11		11	66
<b>Fjarkennd frá öðrum (2)</b>						
Kviðæfingar	2	Ísafjörður	9	8	17	34
Kviðæfingar	2	Hólmavík	2		2	4
<b>Kjarnanámskeið (1)</b>						
Starfsnám stuðningsfulltrúa	160	Ísafjörður	6	0	6	960
<b>Tómstundir (13)</b>						
Fyrirlestur - þrjón	2	Ísafjörður	18		18	36
Hautsverkin í garðinum	3	Bolungarvík	2	1	3	9
Hautsverkin í garðinum	3	Ísafjörður	4		4	12
Kynning á Viku símenntunar	3	Grunnskólinn	7	2	9	27
Leirlistarnámskeið	20	Ísafjörður	6	2	8	160
Matreiðsla og heimilss törf I	16	Ísafjörður	2	2	4	64
Nudd	4	Patreksskóli	5	4	9	36



Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Ársskýrsla 2006

Silfursmíði I - Hópur A	12	Ísafjörður	8	1	9	108
Silfursmíði I - Hópur B	12	Ísafjörður	7	2	9	108
Silfursmíði I - Hópur C	12	Ísafjörður	5	3	8	96
Skrautskrift 1	18	Ísafjörður	16	1	17	306
Skrautskrift 1 - Hólmavík	18	Hólmavík	10		10	180
Vestfirskir laufaviðarvettlingar	6	Ísafjörður	21		21	126
<b>Tungumál (26)</b>						
Enska III	30	Ísafjörður	6	4	10	300
Íslenska fyrir tailendinga I	50	Bolungarvík	6		6	300
Íslenska fyrir tailendinga I	50	Suðureyri	8	6	14	700
Íslenska fyrir tailendinga II	50	Bolungarvík	7	2	9	450
Íslenska fyrir tailendinga III	50	Bolungarvík	8	2	10	500
Íslenska fyrir útlendinga - sjómenn	27	Bolungarvík		9	9	243
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Bolungarvík	4	3	7	350
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Suðureyri	2	6	8	400
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Suðureyri	6	9	15	750
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Ísafjörður	4	3	7	350
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Flateyri	9	1	10	500
Íslenska fyrir útlendinga I	30	Þingeyri	13	4	17	510
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Patreksfjörður	9	7	16	800
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Hnífsdalur	6	2	8	400
Íslenska fyrir útlendinga I	50	Bolungarvík	14	8	22	1100
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Suðureyri	1	2	3	150
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Ísafjörður	4	2	6	300
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Suðureyri	3	5	8	400
Íslenska fyrir útlendinga II	50	Patreksfjörður	12	11	23	1150
Íslenska fyrir útlendinga II – hóður a	50	Flateyri	8	4	12	600
Íslenska fyrir útlendinga II – hópur b	50	Flateyri	4	9	13	650
Íslenska fyrir útlendinga III	50	Bolungarvík	6	2	8	400
Spænska I	30	Patreksfjörður	4	3	7	210
Þýska I	30	Súðavík	7	3	10	300
Þýska I	30	Tálknafjörður	14	4	18	540
Þýska II - Súðavík	30	Súðavík	3	4	7	210
<b>Tölvur (9)</b>						
Excel töflureiknir	18	Ísafjörður	5		5	90
Excel töflureiknir - Marel	18	Ísafjörður	1	5	6	108
Gull í mund - Excel fyrir lengra komna	6	Ísafjörður	2	2	4	24
Photoshop myndvinnsla	15	Hólmavík	3	6	9	135
Power Point á nýja vegu	6	Ísafjörður	7	1	8	48
Tölvupóstur og netið	12	Ísafjörður	1		1	12
Upplýsingatækni UTN103	92	Patreksfjörður	2		2	184
Windows stýrikerfið	6	Ísafjörður	4		4	24
Word ritvinnsla	24	Ísafjörður	1		1	24
	<b>2.373</b>		<b>689</b>	<b>254</b>	<b>943</b>	<b>22.145</b>



## Viðauki III

### Dagskrá viku símenntunar 2006.

Vika símenntunar á Vestfjörðum var haldin dagana 24. – 29. september.

*Mánudagur 25. september.*

- Heimsókn á vinnustaði í Bolungarvík.

*Þriðjudagur 26. september.*

- Heimsóknir á vinnustaði á Suðureyri.
- Námskeiðið Haustverkin í garðinum.  
Leiðbeinandi Ásthildur Cecil Þórðardóttir, garðyrkjufraeðingur.  
Grunnskóli Bolungarvíkur, kl. 20- 22.

*Miðvikudagur 27. september.*

- Heimsóknir á vinnustaði á Ísafirði og Hnífsdal.
- Námskeiðið Haustverkin í garðinum.  
Leiðbeinandi Ásthildur Cecil Þórðardóttir, garðyrkjufraeðingur.  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Suðurgata 12, kl. 20- 22.
- Námskeið í notkun fjarfundabúnaðar og kynning á námsframboði hjá  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða.  
Leiðbeinandi Kristín Sigurrós Einarsdóttir tengiliður Fræðslumiðstöðvarinnar á  
Ströndum.  
Grunnskólanum á Hólmavík, hefst kl. 20:00.

*Fimmtudagur 28. september.*

- Heimsóknir á vinnustaði á Flateyri og Þingeyri.
- Námskeið í nuddi.  
Leiðbeinandi Sólveig Sigríður Magnúsdóttir nuddari.  
Gamli íþróttasalurinn í Grunnskólanum á Patreksfirði, kl. 20 - 22.

*Föstudagur 29. september.*

- Heimsókn á vinnustaði á Patreksfirði og Tálknafirði.